



## Alþýðusamband Íslands

### Greiðsluaðlögun í bígerð

ASÍ hefur frá því í kreppunni á tíunda áratugnum lagt að stjórnvöldum að semja og samþykkja lög um greiðsluaðlögun en talað fyrir daufum eyrum. Með greiðsluaðlögun er átt við, að skuldugur einstaklingur geti, að nokkrum skilyrðum uppfylltum, átt þess kost að greiðslubyrði skulda verði aðlöguð greiðslugetu með sérstöku úrræði sem kallað er greiðsluaðlögun. Fáir hann slíka heimild, getur það þýtt að skuldir verði greiddar með nýjum skilmálum en jafnframt og ekki síður að skuldir umfram greiðslugetu verði þurrkaðar út að loknu tilteknu greiðsluaðlögunartímabili sem í nágrannalöndum okkar er að jafnaði 3 ár.

ASÍ hefur lagt áherslu á að greiðsluaðlögun taki jöfnum höndum til almennra skulda og veðskulda vegna kaupa á hæfilegu íbúðarhúsnæði og telur að greiðsluaðlögun hér á landi verði minna en einskis virði, taki þau ekki til veðskulda. Samhliða því að skera niður allar veðskuldir skuldir umfram verðmæti íbúðarhúsnæðis verður einnig að vera heimilt að skilmálabreyta því sem eftir stendur með þannig að greiðslubyrði þeirra lána samræmist greiðslugetu. Lög af þessum toga eru einkar brýn vegna þeirrar kreppu sem nú hefur skolið á með samdrætti kaupmáttar, mikilli verðbólgu, lækkun fasteignaverðs og ekki hvað síst vegna gengishrunsins. Nú er svo komið að vaxandi hópur launafólks stendur frammi fyrir því að skuldir hafa bæði vaxið langt fram úr greiðslugetu og verðmæti íbúðarhúsnæðis. Við þessu verður að bregðast og að mati ASÍ, að engin önnur einstök aðgerð geti orðið skuldugum heimilum að meira gagni eins og mál standa nú.

Frumvarp dómsmálaráðherra <http://www.althingi.is/altext/136/s/0507.html>

Umsögn ASÍ [http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-29/60\\_read-1456/](http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-29/60_read-1456/)

Magnús M. Norðdahl

deildarstjóri lögfræðideildar [magnus@asi.is](mailto:magnus@asi.is)